

Mál nr. 197/2006

M
og
Vátryggingafélagið X v/B og A

Hurð opnuð í veg fyrir bifreið 20.09. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttengið 09.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.10. 2006, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. B var kyrrstæð í stæði (stöðureit) þegar A var ekið inn í næsta stæði (stöðureit) vinstra megin. Bílstjórihurð B og hægri hlið A lentu saman.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á óhappi þessu.

M telur að A hafi ekið óvarlega og að hann skuli bera ábyrgð á því tjóni sem varð sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Með hliðsjón af 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga ber A hallann af sönnunarskorti um að ökumaður B hafi ekið of hratt eða ógætilega miðað við aðstæður.

Á sameiginlega tjónstilkynningu er ritað að ”bíll B stopp í stæði. Bíll A ekið inn í stæði og um svipað leyti er hurð bílstjórarnesgin á bíl B opnuð bíll A ekur utan í hurð á bíl B”. Umrædd frásögn styður þá niðurstöðu að B beri ábyrgð á óhappi þessu.

Niðurstaða.

B ber ábyrgð á því tjóni sem varð.

Reykjavík 8. nóvember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.